

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2019 –Fundargerð
Haldinn á Reykjavík Natura, Reykjavík 11. apríl 2019 kl. 17:15

Ólafur H. Jónsson formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:20 og gerði tillögu um Ólaf Gústafsson, hæstaréttarlögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók til starfa og gerði tillögu um Sigríði Ómarsdóttur, skrifstofustjóra Almenna lífeyrissjóðsins, sem fundarritara. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykkt sjóðsins vera boðaður með 14 daga fyrirvara. Fundurinn var boðaður með bréfi til sjóðfélaga sem var sent út með yfirlitum þann 14. febrúar sl. Fundurinn var formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 28. mars sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 28. mars 2019.

Samkvæmt ofangreindu er fundurinn löglega boðaður og lýsti fundarstjóri fundinn lögmatan.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

Dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Fundarstjór lagði til eftirfarandi breytingar á auglýstri dagskrá. Lagt var til að 5 liður kosning stjórnar væri tekin til afgreiðslu á undan tillögum um breytingar á samþykktum.

Fundarstjóri lagði til að umræður og fyrirspurnir verði saman um dagskrárlið 1-3.

Fundurinn gerði ekki athugasemd við tillögurnar.

Því næst var gengið til dagskrár fundarins.

1 Skýrsla stjórnar

Ólafur H. Jónsson, formaður stjórnar

Ólafur tók til máls og fór yfir afkomu sjóðsins á liðnu starfsári. Um miðjan desember stefndi í að ávöxtun ársins 2018 yrði sögulega mjög góð, en miklar lækkanir á erlendum mörkuðum og snörp styrking krónu á síðustu tveimur vikum ársins dró ávöxtunina niður. Þegar upp var staðið var ávöxtun undir langtímameðaltali. Allar ávöxtunarleiðir skiluðu þó jákvæðri ávöxtun á árinu. Ríkissafn langt hækkaði mest eða um 7% en blönduð söfn hækkuðu um 4,7% til 5,6%. Til samanburðar má nefna að fyrstu 100 daga þessa árs, hafa blönduðu söfnin Ævisafn I-III og Samtryggingarsjóður hækkað um 3,9 – 9,0% og það á aðeins 100 dögum og er það til marks um það hversu miklar sveiflur á mörkuðum geta verið amk. til skamms tíma.

Sá eignaflokkur sem hækkaði mest á árinu 2018 voru löng verðtryggð skuldabréf og hækkaði vísitala Kauphallarinnar fyrir 10 ára löng verðtryggð skuldabréf um 8,8%. Ávöxtunarkrafa

langra verðtryggðra skuldabréfa lækkaði töluvert á árinu sem þýðir að gengishagnaður bætist við vextina sem bréfin bera. Á fyrstu mánuðum ársins hefur ávöxtunarkrafan haldið áfram að lækka á sama tíma og erlendir hlutabréfamarkaðir hafa hækkað nokkuð. Árið fer því vel af stað og ávöxtun um þessar mundir er með besta móti eins og áður er komið fram.

Ólafur gerði grein fyrir því að Talnakönnun hafi á árinu reiknað út sérhæfðar örorkulíkur fyrir Almenna lífeyrissjóðinn sem byggja á raunverulegri örorkutíðni sjóðfélaga, í stað þess að horfa til allra sjóðfélaga íslenskra lífeyrissjóða líkt og áður hefur verið gert. Einnig voru reiknaðar sérhæfðar dánarlíkur sem byggja á sama hátt á raunverulegri dánartíðni sjóðfélaga. Niðurstöður útreikninganna sýna að örorkulíkur sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum eru lægri en áður var miðað við og eru með minnsta móti í samanburði við aðra lífeyrissjóði. Útreikningarnir sýna einnig að sjóðfélagar Almenna lífeyrissjóðsins lifa lengur en meðaltal allra lífeyrissjóða. Það eru auðvitað góðar fréttir fyrir okkur sjóðfélagana en fyrir sjóðinn þýðir þetta að hann þarf að eiga meiri eignir til að greiða lífeyri lengur. Samanlagt er niðurstaða þessara útreikninga sú að heildarstaða samtryggingarsjóðs styrkist um 0,5 prósentustig sem hlutfall af skuldbindingum.

Ólafur vék að samsetningu lífeyrisréttinda hjá Almenna lífeyrissjóðnum en hluti af lágmarksiðgjaldi fer í séreign í þeim tilgangi að auka svigrúm sjóðfélaga við töku ellilífeyris. Sjóðfélagar geta valið að taka séreignina út á fyrstu 10, 15 eða 20 árum eftirlaunaáranna. Ólafur vakti athygli á þessu með hliðsjón af yfirlýsingu stjórnvalda frá 3. apríl sl. vegna Lífskjarasamnings en þar kemur fram að stjórnvöld munu setja eftirfarandi mál í forgang:

- Að skylda til greiðslu 15,5% af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóð verði lögfest
- Að heimilit verði að skipta lögbundnu iðgjaldi þannig að a.m.k. 12% fari til öflunar réttinda í sameign og allt að 3,5% geti farið í tilgreinda séreign.

Að svo stöddu er óvist hvað felst nákvæmlega í þessari yfirlýsingu eða hvernig þetta verður útfært í lögum.

Þá vék Ólafur að samanburði á langtímaávöxtun lífeyrissjóða en á liðnu ári hafa birst reglulega fréttir um samanburð á langtímaávöxtun lífeyrissjóða. Þessir útreikningar byggja á áætlun út frá upplýsingum í ársreikningum sjóðanna sem eru ekki eins nákvæm aðferð og Almenni notar við útreikning á ávöxtun og tölurnar sem notaðar eru stemma því ekki við raunverulega ávöxtun sjóðsins.

Þá vék Ólafur að lánveitingum til sjóðfélaga en á árinu 2018 voru ný útlán til sjóðfélaga samtals 10 milljarðar sem er næst mesta fjárhæð sem sjóðurinn hefur lánað á einu ári. Ný lán voru að meðaltali með 51% veðsetningu en sjóðurinn miðar við fasteignamat eða umsamið kaupverð samkvæmt kaupsamningum. Af nýjum útlánnum voru 82% á fyrsta veðrétti og 14% á öðrum veðrétti. Á árinu nam fjárhæð uppgreiddra eldri lána 4,1 milljarði sem er það mesta sem hefur verið greitt upp á einu ári.

Í lok nóvember var samþykkt ný fjárfestingarstefna fyrir ávöxtunarleiðir sjóðsins líkt og gert er á hverju ári. Að þessu sinni voru breytingar á stefnum einstakra safan óverulegar, en þó er rétt að benda á að fjórar ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn langt og Ríkissafn stutt lúta nú takmörkunum í fjárfestingarheimildum fyrir lágmarkstryggingarvernd eða sömu heimildum og gilda fyrir samtryggingarsjóð.

Ólafur gerði grein fyrir því að starfsmenn sjóðsins hafi skilgreint og sett sérstaka þjónustustefnu en samkvæmt henni er stefnt að því að veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu, faglega fræðslu og ráðgjöf. Þannig er markmiðið að afgreiða erindi frá sjóðfélögum eins fljótt og verða má og að sjóðfélagar geti á auðveldan hátt nálgast greinargóðar upplýsingar um sjóðinn í heild og um eigin inneign og réttindi.

Næst vék Ólafur að því að á undanförunum árum hafa kröfur til lífeyrissjóða verið að aukast, bæði með auknum kröfum og tilmælum eftirlitsaðila en einnig með nýjum lögum og reglugerðum. Á síðasta ári voru innleidd ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuverndarupplýsinga, í byrjun þessa árs tóku gildi ný lög um peningabætti og aðgerðir til varnar hryðjuverkum og í mars birti FME ný tilmæli vegna áhættu við reskstur upplýsingakerfa hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Ólafur gerði grein fyrir því að stjórn lífeyrissjóðsins fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftár ef tilefni er til. Ólafur þakkaði meðstjórnendum fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Davíðs Ólafs Ingimarssonar og Sigurjóns H. Ingólfssonar í stjórn auk Ragnars Torfa Geirssonar varamanns. Þeir gefa allir kost á sér í aðalstjórn. Jafnframt hefur Anna Karen Hauksdóttir, sem hefur setið í varastjórn síðan árið 2013, sagt af sér sökum veikinda.

Að lokum þakkaði hann framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir yfirferðina

2 Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.

Ársskýrsluna og kynningu Gunnars má í heild sinni finna á vefnum www.almenni.is.

Helstu tölur ársreiknings eru eftirfarandi:

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 20,5 ma.kr. á árinu eða um 9,8%, úr 208,9 ma.kr. í 229,4 ma.kr. í lok síðasta árs.
- Séreignarsjóður stækkaði um 10,2% úr 108,9 ma.kr. í 120,0 ma.kr. í lok árs 2018. Samtryggingarsjóður stækkaði úr 100,0 ma.kr. í 109,4 ma.kr. í lok árs 2018 eða um 9,4%.
- Heildariðgjöld jukust um 13,3%, þar af jukust lágmarksiðgjöld um 16,9% og viðbótariðgjöld um 5,3%.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu 2,0 ma.kr. og jukust um 281 m.kr. á milli ára eða 16%. Ellilífeyrir jókst um 18%.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 3,3 ma.kr. og hækkuðu um 353 m.kr. milli ára eða 12%.
- Rekstrarkostnaður nam 649 m.kr. og var aðeins hærri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Gunnar fór yfir áhrif fjárfestingagjalda annars vegar bókfærðan kostnað og kostnað í sjóðum. Kostnaðarhlutfall Almenna er með því lægsta meðal íslenskra lífeyrissjóða.

Gunnar vék í umfjöllun sinni að tryggingafræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. af Vigfúsi Ásgeirssyni og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni. Við úttektina var byggt á nýjum örorku- og dánarlíkum sem byggja á raunverulegri örorkutíðni sjóðfélaga í stað þess að horfa til allra sjóðfélaga íslenskra lífeyrissjóða líkt og áður hefur verið gert. Niðurstaða úttektarinnar er að áfallnar skuldbindingar eru 4,8% hærri en eignir, að núvirði framtíðariðgjalda er 4,2% meira virði en verðmæti framtíðarskuldbindinga. Heildarstaða er neikvæð um 1,1%.

Að lokum þakkaði Gunnar stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu. Gunnar þakkaði einnig starfsfólki sjóðsins fyrir vel unnin störf á árinu.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir yfirferðina.

3 Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins **Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, tók til máls og fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir 2019 sem var samþykkt undir lok árs 2018.

Sjóðfélagar geta valið um sjö ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Hægt er að velja söfn sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Einnig er hægt að velja innlend ríkisskuldabréf og innlend bankainnlán. Kristjana fór yfir fjárfestingastefnu í hverri ávöxtunarleið í séreignarsjóði og samtryggingarsjóði og hver eignastaðan er samanborið við fjárfestingastefnu.

Kristjana vék að ávöxtun ársins 2018 en raunávöxtun eignasafna Almenna lífeyrissjóðsins var á bilinu 0,7% til 3,7% en nafnávöxtun var á bilinu 4,0% til 7,0%. Raunávöxtun eignasafnanna síðustu 5 ár er á bilinu 2,0% til 4,6%. Farið var yfir ávöxtun eignaflokka fyrir árið 2018 ásamt greiningu innlendra skuldabréfa sjóðsins en 45% af eigninni er í ríkisskuldabréfum og 29% í sjóðfélagalánum. Farið var yfir atvinnuvegaskiptingu á innlendri hlutabréfaeign sjóðsins en sjóðurinn á samtals í um 40 félögum. Að lokum var farið yfir skiptingu á erlenda safninu en stærstur hluti safnsins er í skráðum hlutabréfum eða 79%. Að lokum vakti Kristjana athygli á því að á heimasíðu sjóðsins væri að finna daglegt gengi fyrir öll söfn sjóðsins.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp til atkvæðagreiðslu. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum atkvæðum.

5 Kosning stjórnar

Á ársfundinum skal kjósa tvo aðalmenn og tvo varamann í stjórn til þriggja ára. Anna Karen hefur sagt sig úr stjórn vegna persónulegra aðstæðna.

Á fundinum lýkur kjörtímabili eftirtalinna stjórnarmanna:

Aðalmenn:

Davíð Ólafur Ingimarsson
Sigurjón H. Ingólfssonar

Varamenn:

Ragnar Torfi Geirsson

Frestur til að skila inn framboðum til aðalstjórnar fyrir ársfund rann út þann 4. apríl sl.

Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Davíð Ólafur Ingimarsson, hagfræðingur
Helgi Baldvinsson, tæknifræðingur
Oddur Ingimarsson, læknir
Ragnar Torfi Geirsson, deildarstjóri
Sigurjón H. Ingólfsson, sérfræðingur á fjármála- og rekstrarsviði Kviku

Frambjóðendur komu í pontu og kynntu sig fyrir fundargestum.

Á meðan talning atkvæða fór fram voru teknar fyrir tillögur um samþykktarbreytingar.

4 Tillaga um breytingar á samþykktum
Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri.

Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri, gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum. Eftirfarandi breytingartillögur eru lagðar fram til samþykktar.

~~2.2 Með samþykktum þessum er tekið átt að ef einhver af aðildarliedum í ljóðsöng eða söngdæti samþykkir með sjóðfélaga, enda hafi fjárfelagi ekki verið eltið fyrir andlát sjóðfélagans. Með ávígðri samþykki er átt við samþykkið þreggia einstaklinga sem eiga óeiginlegan lögbrotandi, óeigumættum, óeigumættum eða konum er þunguð eða samþykkið hefur verið samþykkið í o.m.k. tvö ár.~~

~~Með þessum er í samþykktum þessum átt við börn og ljóðbörn sjóðfélaga, einnig stjór- og stjórn- börn sem sjóðfélagi hefur átt samband við umrita eða öllu leyti við umrita tvö ár fyrir andlát hans.~~

~~2.3 Þeir, sem vilja gerast sjóðfélaga, skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega innskráningu og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.~~

3.43 Þeir, sem eiga inneign í séreignarsjóði eða réttindi í samtryggingarsjóði, teljast sjóðfélagar. Þeir sem njóta epli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, teljast sjóðfélagar. Þeir sem njóta maka- eða barnalífeyris úr sjóðnum teljast réttahafar.

~~5.8 Þjóðkirkjuleiðsögðir sem gildir til ársfundar árið 2015.~~

~~Ákveði um húsnæðisstjórnarsetu í grein 5.1, gildir frá 1. janúar 2003.~~

5.7 Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins er launúð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

~~5.8 Þjóðkirkjuleiðsögðir sem gildir til ársfundar árið 2015.~~

~~Ákveði um húsnæðisstjórnarsetu í grein 5.1, gildir frá 1. janúar 2003.~~

7.2 Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst 14 daga fyrirvara með trúgulegum hættilegum eða á annan samnamlegan hátt. Í fundarbódi skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

9.1 Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins með tilliti til heimilda í VII. kafla laga lögum um skyldutyggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

120.86 Samningur er hætt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef sjóðfélagi hefur störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til séreignarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignarsjóðsins. Uppsöfn samninga um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavæmi veitir ekki rétt til útborgunar innstaðu eða réttinda.

11. grein. Verðbréfasöfn

11.1. Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í aldurstengdum verðbréfasöfnum sem eru Ávaxta I, Ávaxta II og Ávaxta III. Sjóðnum er heimilt að bióða upp á fleiri ávöxtunarleiðir og skal móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við grein 9.1 um fjárfestingarheimildir. Sjóðfélagar geta valið á milli þess að ávaxta inneign sína í sjó- verðbréfasöfnum. Verðbréfasöfnum eru:

~~Ávaxta I hefur þeim sem eru að ávaxta lífeyrisparnað sínu til langs tíma og er hugað fyrir sjóðfélaga á aldrinum 16-44 ára.~~

~~Ávaxta II hefur þeim sem eru að ávaxta lífeyrisparnað sínu til langs tíma og er hugað fyrir sjóðfélaga á aldrinum 45-56 ára.~~

~~Ávaxta III er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka litla áhættu og hentar vel fyrir sjóðfélaga sem eru 57 ára og eldri.~~

~~Húsnæðisöfn fjárfestir í veðskuldabréfum, sétrygðum skuldabréfum, fjárfestingartækjum, skuldabréfum og innlánum. Sáfnin hentar vel þeim sem vilja nýta séreignarsparnað til að safna fjárfestingum á fræðing og eða greiða inn á húsnæðisáætlun.~~

~~Innlánssafni er fyrir þá sem vilja forðast verðveiflum á inneign sinni og hentar fyrir þá sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína.~~

~~Ríkissafni stutt er fyrir þá sem vilja lágmarkskuldaráhrættu og vilja forðast verðveiflum á inneign sinni. Safnið hentar fyrir þá sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína.~~

~~Ríkissafni langt er fyrir þá sem vilja lágmarkskuldaráhrættu, þola nokkrar sveiflur í ávöxtun og hyggjast ekki ganga á inneign sína á næsta 12 mánuðum.~~

11.2 Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í einstökum verðbréfasöfnum eða valið .Evilleiðina en þá flyst inneign þeirra milli verðbréfasafna efnir aldri. Þeir sem velja þennan kost flytjast sjálfkrafa án kostnaðar úr .Evisafni I í .Evisafni II í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 45 til 48 ára og síðan úr .Evisafni II í .Evisafni III í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 57 til 60 ára. Iðgjöld sem berast efnir að flutningur milli ævisafna er hafinn greiddast í það ævisafni sem inneign flyst í. Þeir sem ekki velja þær verðbréfasafni ávaxta inneign sína samkvæmt .Evilleiðinni. Efnirinn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt .Evilleiðinni.

11.3 Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safni til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli verðbréfasafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleid skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Ef um er að ræða flutning í einu lagi skal inneign flutt milli verðbréfasafna í lok mánaðar efnir að beiðni berst. Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar efnir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða 0,2% af eignum í kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleida og greiddist kostnaðurinn að iðfna í söfnu sem flutt er úr og í .Stjórn sjóðsins ákvarðar kostnað hverju sinni ~~þuta upplýsingar um hvern á heimavíðu, nema ef inneign er flutt úr Innlánssafninu, þá er kostnaðurinn 0,1%. Egnirinn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt .Evilleiðinni.~~

~~11.4 Stjórn er heimilt að bæta við verðbréfasafni samkvæmt gr. 11.1.~~

~~11.5 Álvæði 9. greinar um fjárfestingu heimilís gilda fyrir hvert og eitt verðbréfasafni.~~

~~12.8 Samningi er lagt að reglu upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef sjóðfélagi hefur stöðum, sem er forvanda fyrir greidda hær til óreiðnarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins, nema hærnir séli þess að halda í sínum að greiða til óreiðnarsjóðsins. Úppjögn samninga um óreiðnarsjóðsins eða viðbótastryggingar umd veitir ekki rétt til útborgunar úmættu eða réttinda.~~

~~16.3 Samtryggingarsjóður Almenna lífeyrissjóðsins er sjálfstæður rekstraraðili og er rekstur hans fjárhagslega aðskilinn rekstri óreiðnarsjóðs.~~

20.4 Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til samtryggingarsjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- og örorkulífeyris við andlátid eða öðlast rétt til framveiknings samkvæmt grein 19.1. skulu börn hans skv. grein ~~20.6~~ sem yngri eru en 20 ára eiga rétt á lífeyri til 20 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn örorkulífeyrisþega sem öðlast hefur rétt til framveiknings samkvæmt grein 19.1. ef börnin eru fædd eða settleidd fyrir orkutap og allt að 12 mánuðum efnir orkutapid. Ef örorka er metin lægni en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægni.

~~20.6 Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátid var í hjúkan eða órisðri sambúid með sjóðfélagi, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagers. Með órisðri sambúid er átt við sambúid tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt iðheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er hunguð eða sambúid hafi verið samfleitt í a.m.k. tvö ár.~~

~~Með börnum er í sambúttum þessum átt við börn og kjörbörn sjóðfélaga, einnig stúpa- og förunnbörn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyfi síðustu tvö árin fyrir andlát hans.~~

21.1 Sjóðfélagar geta hækkað iðgjald til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins og bætt við sig efnirfarandi lífeyrisréttindum.

1. Viðbót við lágmarkstryggingavernd.

2. Viðbótarellilífeyri.

Óski sjóðfélagi efnir að greiða viðbótariðgjald til samtryggingarsjóðsins skal gerður skriflegur samningur við sjóðfélagann um hversu hátt hlutfall af iðgjaldsstofni viðbótariðgjaldið skuli vera, gildistíma og ráðstöfun þess sbr. gr. 21.2 og 21.3. Hámarksíðgjald í samtryggingarsjóðinn er 15,5% af launum sjóðfélaga. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að hafna eða takmarka viðtöku iðgjalds umfram iðgbundið lágmarksíðgjald í lífeyrissjóð samkvæmt 2. grein laga nr. 129/1997 ef telja verður að skuldbindingar sjóðsins vegna sjóðfélagers myndu aukast verulega umfram verðmæti iðgjalda enda skal slík ákvörðun vera rökstudd með skriflegu álitu tryggingafræðings sjóðsins.

Umræður og atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri lagði til að atkvæðagreiðsla vegna samþykktarbreytinga færi fram með handauppréttingu. Fundurinn samþykkti tillöguna. Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Kosning stjórnar framhald

Niðurstöður kosninga í aðalstjórn eru eftirfarandi:

Oddur Ingimarsson	46,0% atkvæða
Davíð Ólafur Ingimarsson	22,9% atkvæða
Ragnar Torfi Geirsson	15,8% atkvæða
Sigurjón H. Ingólfsson	12,8% atkvæða
Helgi Baldvinsson	2,5% atkvæða

Oddur Ingimarsson og Davíð Ólafur Ingimarsson eru því kjörnir til næstu þriggja ára í aðalstjórn sjóðsins.

Kosning varamanna. Kjósa skal einn varamann til þriggja ára, einn varamanna til tveggja ára (þar sem Oddur Ingimarsson náði kjöri sem aðalmaður) og einn varamann til eins árs. Kjósa þarf a.m.k. eina konu til að uppfylla ákvæði um kynjakvóta.

Eftirfarandi framboð komu fram á fundinum:

Oddgeir Ottesen, dósent
Ragnar Torfi Geirsson, deildarstjóri
Helgi Baldvinsson, tæknifræðingur
Kristján Þ. Davíðsson, sjávarútvegsfræðingur
Helga Jónsdóttir,

Frambjóðendur komu í pontu og kynntu sig.

Niðurstöður kosninga í varastjórn eru eftirfarandi:

Oddgeir Ottesen	37,3% atkvæða
Kristján Þ. Davíðsson	23,0% atkvæða
Ragnar Torfi Geirsson	16,3% atkvæða
Helga Jónsdóttir	12,5% atkvæða
Helgi Baldvinsson	10,9% atkvæða

Oddgeir Ottesen er kjörin til 3ja ára, Kristján Þ. Davíðsson er kjörin til 2ja ára og Helga Jónsdóttir er kjörin til 1árs.

Þá var komið að 6. lið á dagskrá sem er kosning endurskoðenda.

6 Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar leggur stjórn sjóðsins til að Ernst & Young ehf. verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Þar sem engin önnur tillaga hefur borist er Ernst & Young ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2019.

7 Ákvörðun um laun stjórnar

Samkvæmt grein 6.7 í samþykktum er stjórn Almenna lífeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

Ólafur H. Jónsson, formaður stjórnar, kynnti tillögu um stjórnarlaun fyrir árið 2018 og 2019.

Mánaðarlaun almenns stjórnarmanns hækka úr 140 þúsund krónum í 150 þúsund krónur á mánuði eða um 7,4%. Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun. Stjórnarmaður sem stóðst hæfismat FME á undanfögnu starfsári fær auk þess 2 mánaðarlaun almenns stjórnarmanns.

Laun varamanns fyrir setinn fund hækka úr 90 þúsund krónum í 95 þúsund krónur ásamt því að varamaður sem situr sem aðalmaður fær 150 .

Fundarritari bauð upp á umræður um þessa tillögur. Engin tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

8 Önnur mál.

Fleira var ekki gert og óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið um kl. 18:40.

Ólafur Rúnarson
Sigríður Ómarsdóttir